

Priðjudaginn 30. maí 1989.

Nr. 150/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni

Árna Árnasyni

Sigurðóri Charles Guðmundssyni

Þórði Hafsteini Hilmarssyni

Helga Magnússyni

Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni

Lárusi Jónssyni

Ólafi Helgasyni

Axel Kristjánsyni

Inga Randveri Jóhannssyni

Valdimar Indriðasyni

Arnbirni Kristinssyni

Garðari Sigurðssyni

Kristmanni Karlssyni og

Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.

Kærumál. Opinbert mál. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Kærður er úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. apríl sl. þar sem hafnað er frávísunarkröfum í máli þessu. Höfðu 11 af þeim 17 mönnum, sem ákærðir eru í málinu, krafist frávísunar. Með heimild í 124. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og að fengnu leyfi saksóknara kærðu þeir úrskurðinn sama dag og hann var kveðinn upp. Skipaðir verjendur þeirra hafa sent Hæstarétti athugasemdir, sbr. 174. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Sérstakur ríkissaksóknari, sem fer með málið, hefur gert hið sama.

Af hálfu kærendanna Helga Magnússonar, Halldórs Á. Guðbjarnasonar, Lárusar Jónssonar, Ólafs Helgasonar, Axels Kristjánsónar og Inga R. Jóhannssonar er þess krafist aðallega að máli

Þessu í heild verði vísað frá sakadómi, en til vara að því er varðar þessa kærundur.

Af hálfu kærendanna Valdimars Indriðasonar, Arnbjörns Kristinssonar, Garðars Sigurðssonar og Kristmanns Karlssonar er þess krafist, að málinu verði vísað frá sakadómi að því er þá varðar.

Af hálfu kærandans Jóhanns S. Einvarðssonar er þess krafist aðallega, að málinu gegn sér verði vísað frá sakadómi, en til vara, að hrundið verði ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um sam-
einingu máls gegn sér og málsins gegn öðrum ákærðu.

Kærundur krefjast þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Þeir Björgólfur Guðmundsson, Ragnar Kjartansson, Páll Bragi Kristjónsson, Árni Árnason, Sigurþór C. Guðmundsson og Þórður H. Hilmarsson gerðu eigi frávisunarkröfur í sakadómi og hafa ekki kært úrskurðinn frá 24. apríl, sem hér er um fjallað. Ber eigi að síður að telja þá varnaraðila hér fyrir dómi. Þeir hafa ekki sent athugasemdir vegna kærumsálsins.

Sérstakur ríkissaksóknari hefur krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til.

Ákærer í máli þessu uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í 115. gr., 2. mgr. 3. tl., laga nr. 74/1974.

Heimilt var eftir 28. gr. laga nr. 74/1974 að sækja í einu lagi sök gegn þeim 16 mönnum, þ.e. öllum ákærðu að Jóhanni S. Einvarðssyni undanskildum, sem ákærðir voru 11. nóvember 1988. Samkvæmt sama lagaákvæði mátti sameina mál gegn Jóhanni S. Einvarðssyni, sem höfðað var 23. nóvember 1988, málinu gegn öðrum ákærðu.

Gætt hefur verið ákvæðis 21. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Kröfur um sakarkostnað úr ríkissjóði í þessum þætti málsins verða ekki teknar til greina, en ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs hér-
aðsóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1989.

Ár 1989, mánudaginn 24. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurinum Sverri Einarssyni sem dóms-

formanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur sem meðdómendum, kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni, Helga Magnússyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni, Inga Randveru Jóhannssyni, Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni, Kristmanni Karlssyni og Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, en kröfurnar voru teknar til úrlausnar 19. þ.m.

Með ákæru sérstaks ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember sl., er höfðað opinbert mál fyrir dómnum á hendur sjö fyrrverandi starfsmönnum og löggiltum endurskoðanda Hafskipa hf. vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem lýst var gjaldþrota 6. desember 1985, þeim Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni og Helga Magnússyni, þrem fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, þeim Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni og Inga Randveru Jóhannssyni, og fjórum fyrrverandi bankaráðsmönnum í Útvegsbanka Íslands, þeim Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni og Kristmanni Karlssyni.

Þá höfðar sérstakur ríkissaksóknari einnig mál fyrir dómnum með ákæru, dagsettri 23. nóvember sl., á hendur Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, fyrrverandi bankaráðsmanni í Útvegsbankanum, en vegna setu hans á Alþingi og þar sem leyfi þingdeildar hans fyrir málshöfðun á hendur honum lá ekki fyrir, þegar fyrri ákæran var gefin út, var hann ákærður síðar, þegar fyrir lá samþykki efri deildar Alþingis fyrir málshöfðun á hendur honum, en honum er gefið hið sama að sök og öðrum fyrrverandi bankaráðsmönnum.

Dómurinn hefur að kröfu sækjanda málsins sameinað báðar ákærurnar í því skyni að dæma þær sem eitt mál.

— — —

Málið var þingfest sl. mánudag, 17. apríl, en með bréfum dómsins, dagsettum 20. mars sl., voru ákærðu skipaðir verjendur í málinu. Jafnframt var þess óskað af hálfu dómsins, að borin yrðu undir dóminn þegar við þingfestingu málsins í formi rökstuddrar skriflegrar kröfugerðar þau réttarsatriði, sem verjendur teldu geta varnað því, að dómur yrði réttilega lagður á málið að efni til.

Í þinghaldinu voru lagðar fram sex kröfugerðir af hálfu verjenda fyrir ellefu af ákærðu um frávísun málsins o.fl. Verður nú gerð grein fyrir þessum kröfum.

Verjandi ákærða Helga, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dóminum, aðallega í heild, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur ákærða Helga. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

— — —

Verjendur ákærða Halldórs Ágústs, Helgi V. Jónsson hrl., ákærða Lárusar, Andri Árnason hdl., ákærða Ólafs, Hákon Árnason hrl., og ákærða Axels, Þorsteinn Júlíusson hrl., hafa sett fram sameiginlega kröfu-gerð.

Verjendur telja, að dómur verði ekki efnislega rétt lagður á málið, og gera þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi í heild eða að því er varðar skjólstæðinga sína. Þá gera verjendur kröfu um málsvarnarlaun sér til handa úr ríkissjóði, að því er varði þennan þátt málsins.

— — —

Verjandi ákærða Arnbjörns, Örn Höskuldsson hrl., gerir þá dómkröfu, að málinu verði vísað frá dómi, og krefst verjandinn málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

— — —

Verjandi ákærðu Valdimars, Garðars og Kristmanns, Sveinn Snorrason hrl., gerir kröfu til þess að þætti skjólstæðinga sinna í málinu verði vísað frá dómi og kostnaður vegna þessa þáttar málsins verði greiddur af almannafé.

— — —

Verjandi ákærða Jóhanns Sigurðar, Hjörtur Torfason hrl., gerir kröfu til þess, að hafnað verði kröfu ákæruvaldsins um sameiningu máls ákærða við mál annarra ákærðu, að máli ákæruvaldsins gegn skjólstæðingi sínum verði vísað frá sakadómi og að kostnaður af meðferð þessara krafna og málsins að öðru leyti verði greiddur úr ríkissjóði.

— — —

Verjandi ákærða Inga Randvers, Brynjólfur Kjartansson hrl., krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður úr ríkissjóði að mati dómsins.

— — —

Þegar kröfur verjenda lágu fyrir við þingfestingu málsins, mótmælti sækjandi þeim öllum þegar.

— — —

Af hálfu verjenda kom ósk um það að fá tækifæri til að flytja málið vegna frávisunarkrafanna. Var það gert í þinghaldi 19. þ.m. og flutti þá fulltrúi sérstaks ríkissaksóknara málið af hálfu ákærvaldsins.

Niðurstöður.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að kröfur allra verjendanna lúta aðallega að tveim forsendum fyrir kröfum um frávisun málsins. Hin fyrri er sú, að skilyrði skorti samkvæmt 28. gr. laga nr. 74/1974 til þess að ákæra í sömu ákæru fyrrverandi starfsmenn Hafskipa hf. annars vegar og hins vegar fyrrverandi bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, bankaráðsmenn og endurskoðanda Útvegsbankans, svo og sameiningu ákæranna í eitt mál. Síðari ástæðan er sú, að verknáðarlýsing í ákæruskjali vegna bankamannanna, ákærða Helga og endurskoðanda bankans fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem um ákætur gildi samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, þar sem sakargiftum sé ekki nógu glögglega lýst.

Auk framangreindra forsendna er af hálfu ákærðu Helga, Halldórs Ágúst, Lárusar, Ólafs og Axels að því vikið, að sök sé fyrnd, að því er þá varði. Þá telur verjandi ákærða Helga ákæruna ekki hafa verið undirbúna á þann hátt, sem segir í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974.

Loks var gerð varakrafa af hálfu verjenda ákærðu Halldórs Ágúst, Lárusar, Ólafs og Axels, að til kvaddir yrðu í dómnum sérfróðir menn um bankamál og reikningsskil, ef ekki yrði fallist á aðrar kröfur þeirra, eða að fengnir yrðu sérstakir kunnáttumenn til að gefa álit á þeim atriðum, sem ástæða þætti til að skýra nánar. Frá þessari kröfu var fallið við flutning málsins.

Ákærunnar tvær, sem dómurinn hefur sameinað, fjalla báðar um háttsemi, sem sprottin er af starfsemi Hafskipa hf., og þá einnig m.a. vegna viðskipta fyrirtækisins við Útvegsbanka Íslands, en fyrirtækið var einn allra mesti viðskiptaaðili bankans, og hefði starfsemi Hafskipa vart gengið, ef ekki hefði komið til sú fyrirgreiðsla, sem bankinn veitti fyrirtækinu.

Enda þótt mikill hluti ákærunnar frá 11. nóvember sé eingöngu vegna ætl- aðrar refsiverðrar háttsemi fyrrverandi starfsmanna Hafskipa hf. og endurskoðanda þess og tengist á engan hátt fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra, bankaráðsmönnum og endurskoðanda Útvegsbankans, verður ekki fram hjá því litið, að háttsemi sú, sem „Hafskipsmönnum“ er gefin að sök í I.-III. kafla ákærunnar, er m.a. vegna viðskipta Hafskipa hf. við bankann, en um þau viðskipti fjalla einnig VIII.-X. kafla ákærunnar, sem fjalla um ætlaða refsiverða háttsemi áðurgreindra starfsmanna Útvegsbankans og endurskoðanda bankans vegna þeirra viðskipta.

Það er mat dómsins að framangreind viðskiptatengsl nægi til þess, að heimilt hafi verið að höfða í einu lagi mál á hendur öllum ákærðu í sömu ákæru og einnig til þess að sameina ákæruna frá 23. nóvember ákærunni frá

11. nóvember í því skyni að dæma þær báðar sem eitt mál, enda þótt ætluð brot ákærðu séu ekki hin sömu, þar sem allir ákærðu úr hópi bankamannanna hafa á einhvern hátt verið eða eiga að hafa verið við þessi viðskipti riðnir, þótt hver með sínum hætti sé. Einnig er til þess að líta, að ákæruatriði I.-III. kafla ákæru dags. 11. nóvember annars vegar og VIII.-X. kafla sömu ákæru og ákæru dags. 23. sama mánaðar hins vegar eru að nokkru leyti reist á meðferð sömu skjala, sem byggt er á í ákæru, að útbúin hafi verið af fyrrum starfsmönnum Hafskipa hf., en notuð af framangreindum bankamönnum. Þykja þessi tengsl vera á þann veg að fullnægt sé skilyrðum í upphafi áðurgreindrar 28. gr. að fleiri en einn séu á refsiverðan hátt „riðnir við brot, eitt eða fleiri“, og þurfi brotalyting ekki að vera hin sama, svo að þessu skilyrði sé fullnægt. Er því hafnað kröfum verjenda ákærðu um að vísa málinu frá dómnum, þar sem skort hafi heimild til málasamsteypu, svo sem gert hefur verið.

Að því er tekur til þess að ákærunnar uppfylli ekki skilyrði 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, er það mat dómsins, að sakargiftirnar mættu vera gleggri, sérstaklega í VIII.-X. kafla ákærunnar frá 11. nóvember og ákærunni frá 23. nóvember, en samt séu þær nægilega glöggar til þess að verjendur eigi að geta komið að vörnum vegna þeirra og efnisdóm megi á þær leggja. Þykja því eigi efni standa til þess að vísa ákærunum frá, þar sem áðurgreind skilyrði skorti. Er því hafnað kröfum um frávísun af framangreindri ástæðu.

Að mati dómsins er fyrning sakar ekki frávísunarástæða og því hafnað kröfum um frávísun vegna fyrningar, en um slíkt verður fjallað við efnismeðferð málsins.

Verjandi ákærða Helga telur að vísa eigi ákærunni frá eða þætti skjólstæðings síns, þar sem eigi hafi verið gætt vegna ákærða Helga ákvæðis 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974 í sambandi við umsögn fjármálaráðuneytisins fyrir málshöfðun, en ráðuneytið hafi hvorki gert tillögu um málshöfðun né látið í té rökstudda umsögn. Fallast má á það með verjanda ákærða að umsögn ráðuneytisins hefði mátt vera á annan og fullkomnari veg, en hennar var þó leitað og hún fengin, þótt deila megi um hvort hún uppfylli skilyrði lagagreinarinnar. Það er þó mat dómsins að með því að leitað var umsagnar ráðuneytisins og hún látin í té fyrir málshöfðun, sé fullnægt skilyrði áðurgreinds lagaákvæðis. Er því hafnað kröfu verjanda um frávísun af þessari ástæðu.

Þar sem dómurinn hafnar fram komnum kröfum og gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri málsins, verður ekki dæmdur málskostnaður í þessum þætti þess.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dómnum, er synjað.
Ekki verður dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.